# Landmannalaugar

**Lag og texti:**
**Margrét Ólafsdóttir**




En veruleikinn vakti mig af draumi
og vék í burtu öræfasýn.
Þá ákvað ég að læðast burt í laumi,
og leita'uppi fjöllin mín.

Í Landmannalaugum
ég lifði frjáls í öræfareit.
Með undrun í augum
ég alla þeirra fegurð leit.

Hvert sem munu leiðir mínar liggja
þá lofað hef ég sjálfri mér því
að er mig taka stórborgir að styggja
þá stefni ég Laugar í.